

Gerum út á auðlind markaðanna

Eftir Össur Skarphéðinsson

Pví er stundum hald-
ið fram að markaðir
okkar fyrir sjávarfang
séu ekki síðri auðlind
en sjálfur sjórrinn kring-
um Ísland. Á mörk-
uðunum ræðst hvað við
fáum fyrir aflann og
hvað er til skiptanna.
Markaðirnir eru auð-
lind í sjálfu sér, sem við
purfum að rækta og
sinna af natni eins og
hverri annarri uppsprettu verðmæta.
Pað ræðst af gæðum markaðs-
mennskunnar, hversu mikil við fáum
fyrir það sem úr sjó er dregið. Um-
ræða um auðlind markaðanna hefur
hins vegar ekki verið fyrirferð-
armikil.

Pó tók ég eftir á líðandi ári að á
bingum sjávarútvegsins komu fram
raddir sem héldu því fram að marka-
ðasmál greinarinnar væru ekki nægi-
lega samvirk heldur sundrandi á köflum.
Menn létu sér ekki nógum ant
um verðmæti eins og orðstír íslensks
„baccalá“ í Miðjarðarhafslöndum, íslensks
porsks í Bandaríkjum og Ís-
landssíldar í Skandinávum. Stóru sjá-
arútvegsfyrirtekin vinna hvert fyrir
sig ágætt markaðs- og sölustarf, en
samt heyrist sú skoðun að Ísland sem
sjávarútvegsland sé að týna góðri
ímynd sinni í hit alþjóðlegra við-
skiptakeðja og fiskmarkaða.

Fyrir leikmann er erfitt að leggja
mat á þessa umræðu. Hitt veit ég þó
úr starfi að utanríkismálum að
frændur okkar Norðmenn bera sig
öðruvísi að. Norsk sjömatsráð er til
að mynda öflugt opinber hlutafélag,
fjármagnað með gjaldi á útveggini, og
ver á yfirstandandi ári 9 milljörðum
íslenskra króna til áróðurs fyrir
norskan sjávarútveg. Ráðið skipu-
leggur milli 500 og 600 markaðs-
verkefni í samvinnu við norsk sjáv-



Össur Skarphéðinsson

arútvegsfyrirtæki á
hverju ári. Hjá því starfa
100 starfsmenn í 12 lönd-
um að sameiginlegri
markaðssetningu, mark-
aðsupplýsingum, mark-
aðssamskiptum, ímynd-
arvörnum og
almannatengslum.

Með höfðatoluðarferð-
inni má finna út að til að
komast í samjöfnuð við
Norðmenn ættum við að
vera með að minnsta
kosti 7 manna sérsvæit í
30-40 markaðsverkefnum

tengdum sjávarútvegi á ári og verja
til þess milli 500 til 600 milljónum
króna.

Á aðalfundi Íslandsstofu fyrir á
árinu vakti ég athygli á að með frum-
varpi til laga um stjórn fiskveiða,
sem þá lá fyrir þinginu, væri hugs-
anlega verið að renna stoðum undir
samstarf opinberra aðila og sjávar-
útvegsfyrirtækja sem byggja mætti á
vörn og sókn fyrir Ísland sem sjáv-
arútvegsland. Í frumvarpinu var gert
ráð fyrir leigupotti þar sem aflamarki
verður ráðstafað um kvótaping. Gert
var ráð fyrir að fimmungi tekna sem
aflað yrði með þeim hætti yrði að
hluta ráðstafað í markaðs- og þróun-
arsjóð tengdan sjávarútvegi. Sá sjóð-
ur gæti sem best lagt til fjármagn til
sameiginlegrar markaðssóknar íslensks
sjávarútvegs með svipuðum
hætti og Norðmenn stunda fyrir sína
fiskvinnslu. En vafalitið mætti líka
fara aðrar leiðir.

Íslenskur fiskur á raunar í harðri
og vaxandi samkeppni við framleiðslu
Norðmanna, sem mun bara harðna á
næstu árum þar sem ljóst er að
þorskstofninn í Barentshafi er nú í
órum vexti. Fyrir árinu var þannig
birt ráðgjöf um verulega aukningu
þorskkvóta Rússu og Norðmanna á
Barentsporski. Skv. henni gæti aukningin
ein úr Barentshafi orðið jafn-
mikil og gervallur þorskkvóti Íslands

» Með höfðatolu-
aðferðinni má finna
út að til að komast í sam-
jöfnuð við Norðmenn
ættum við að vera með
að minnsta kosti 7 manna
sérsvæit í 30-40 markaðs-
verkefnum tengdum
sjávarútvegi á ári ...

á nýbyrjuðu fiskveiðíári. Sennilega
hefur því aldrei verið jafn mikil þörf
og nú á skipulögðu átaki fyrir íslenskan
sjávarútveg á mörkuðum er-
lendis.

Við höfum dæmin fyrir augunum
um góðan árangur af samstarfi
stjórnvalda og ferðapjónustunnar,
þar sem áfalli vegna eldgosa var snú-
ið í markaðssókn undir merkjum
Inspired by Iceland. Í kjölfarið sigldi
svo átakið Ísland allt árið, skipulagt
til þriggja ára, þar sem markmiðið er
að gera ferðapjónustuna að heils-
ársatvinnugrein um land allt. Til-
gangurinn með stofnum Íslandsstofu
var einmitt að smíða básunu sem at-
vinnugreinum byðist að blása í sín
sameiginlegu steð þannig að vel
heyrist á erlendum mörkuðum. Á
fyrnefndum aðalfundi Íslandsstofu
leyfði ég mér að leggja til að næsta
stórverkefnið sem ráðist yrði í væri
sameiginleg markaðssetning fyrir íslenskan
sjávarútveg. Íslandsstofa er
þegar að verki fyrir sjávarútveginn í
kynningu á uppruna- og gæðamerkinu
Iceland – Responsible fisheries,
og hefur til að bera þann sveigj-
anleika í skipulagi sínu að geta tekið
að sér ný stórverkefni. Sjávarútvegslan-
dið Ísland þarf á sókn að halda til
að treysta og bæta stöðu sína á
mörkuðum erlendis.